

# Málörvun yngri barna og tvítyngdra barna

---

LÆSI Í LEIKSKÓLUM

Stella Hermannsdóttir og Hildur Edda Jónsdóttir  
Fræðslusvið 2017  
Styrkúthlutun: 2016

## Lokaskýrsla

**Heiti verkefnis:** Málörvun yngri barna og tvítyngdra barna.

Styrkþegar: Stella Hermannsdóttir og Hildur Edda Jónsdóttir

Verkefnisstjórar: Stella Hermannsdóttir og Hildur Edda Jónsdóttir

### Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið þróunarverkefnisins Málörvun yngri barna og tvítyngdra barna var að leikskólakennarar og sérkennslustjórar fengju hugmyndir að málörvun yngstu barna og tvítyngdra barna og öðluðust meira öryggi í málörvun þessara hópa. Einnig að auka hæfni, þekkingu og leikni starfsfólks í leikskólum í Garðabæ. Koma hljóðavinnu og málörvun fyrir mjög ung börn og tvítyngd börn í góðan farveg og inn í áætlanir leikskólanna.

### Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis

Haldnir voru þrír fyrirlestrar/námskeið með utanaðkomandi fyrirlesurum. Markhópurinn var sérkennslustjórar og deildarstjórar á leikskólum Garðabæjar. Kallaðir voru til sérfræðingar í snemmtækri íhlutun, málörvun yngstu barnanna og hvernig best er að hlúa að tvítyngdum börnum með tilliti til málörvunar og hljóðanáms.

### Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Ætlunin var að fá fjórða fyrirlesarann að verkefninu en af persónulegum ástæðum þurfti sá fyrirlesari að draga sig út úr verkefninu. Annars var allt samkvæmt upphaflegri áætlun.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks \_\_\_\_\_ 400.000 \_\_\_\_\_

Laun	0
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	240.000
Gögn	103.700
Annað: veitingar	18.000
Samtals:	361.700

### Afrakstur, ávinningur fyrir skólustarf og kynning

Ávinningur verkefnisins telst mjög góður. Sérkennslustjórar og deildarstjórar sýndu mikinn áhuga á þeirri fræðslu sem boðið var upp á og mæting á fyrirlestra var til fyrirmyndar. Sérkennslustjórar og deildarstjórar lýstu ánægju með þá fræðslu sem þeir fengu og í mörgum leikskólum hafa þær kynningar sem voru haldnar þennan vetur orðið til þess að sérkennslustjórar og deildarstjórar hafa fengið að halda sambærileg námskeið í sínum skólum fyrir alla starfsmenn og þannig aflað sér enn frekari þekkingar í einstökum þáttum verkefnisins samtímis því að áhrif fyrirlestranna margfaldast í því að fleiri fá fræðslu. Í flestum leikskólum í Garðabæ gera leikskólakennarar sér nú betur grein fyrir hvernig hægt er að vinna með hljóðanáms og

læsiþætti með allra yngstu nemendunum og einnig hvernig best er að koma til móts við þarfir tvítyngdra/fjöltýngdra barna. Í all flestum leikskólum er nú unnið með efni sem kynnt var í fyrirlestrum og má þar nefna t.d. Lubbi finnur málbein og Lærum og leikum með hljóðin.